

**3188. fundur bæjarráðs, haldinn í fundarherbergi 3. hæð, Stíllholti 16-18,  
1. september 2016 og hófst hann kl. 16:30**

**Fundinn sátu:**

Ólafur Adolfsson formaður, Valdís Eyjólfsdóttir varaformaður, Ingibjörg Valdimarsdóttir aðalmaður, Vilborg Þ. Guðbjartsdóttir áheyrnarfulltrúi, Ingibjörg Pálmadóttir áheyrnarfulltrúi, Regína Ásvaldsdóttir bæjarstjóri og Steinar Dagur Adolfsson sviðsstjóri stjórnsýslu- og fjármálasviðs.

**Fundargerð ritaði:** Steinar Adolfsson, sviðsstjóri.

**Fyrir tekið:**

**1. 1601415 - Mánaðar- og árshlutauppgjör 2016**

Sex mánaða uppgjör Akraneskaupstaðar frá 1. janúar til 30. júní 2016.

Andrés Ólafsson fjármálastjóri og Sigmundur Ámundason deildarstjóri bókhaldsdeildar taka sæti á fundinum undir þessum lið.

*Lagt fram.*

**2. 1605142 - Viðauki við fjárhagsáætlun 2016**

Viðauki nr. 2 við fjárhagsáætlun 2016 lagður fram til samþykktar.

Andrés Ólafsson fjármálastjóri situr áfram á fundinum undir þessum lið.

*Bæjarráð samþykkir viðauka númer 2 vegna ársins 2016 og vísar til staðfestingar í bæjarstjórn.*

**3. 1607033 - Vesturgata - yfirlögn á götu**

Erindi skipulags- og umhverfisráðs þar sem lagt er til við bæjarráð að samþykkja hönnunarsamning við Eflu um endurnýjun slitlags við Vesturgötu frá Merkigerði að Stíllholti.

Sigurður Páll Harðarson sviðsstjóri skipulags- og umhverfissviðs tekur sæti á fundinum undir þessum lið.

*Hönnunarsamningur við Eflu um endurnýjun slitlags við Vesturgötu frá Merkigerði að Stíllholti samþykktur.*

*Gert er ráð fyrir kr. 5.5 mkr. í kostnað sem mætt verður innan fjárheimilda skipulags- og umhverfissviðs vegna ársins 2016.*

**4. 1512116 - Fjárfestinga- og framkvæmdaáætlun 2016**

Fjárfestinga- og framkvæmdaáætlun 2016.

Sigurður Páll Harðarson sviðsstjóri skipulags- og umhverfissvið situr áfram á fundinum undir þessum lið.

*Sviðsstjóri skipulags- og umhverfissviðs kynnti stöðu verkefna í fjárfestinga- og framkvæmdaáætlun 2016.*

**5. 1608197 - Innra skipulag og verkefni stjórnýslu- og fjármálasviðs**

Tillaga sviðsstjóra stjórnýslu- og fjármálasviðs um innra skipulag og verkefni sviðsins lögð fram til samþykktar.

*Bæjarráð samþykkir tillögu sviðsstjóra sem felur m.a í sér sameiningu bókhalds- og fjárreiðudeildar og tilfærslu starfa innan sviðsins.*

*Bæjarráð heimilar að ráðinn verði nýr fjármálastjóri og þakkar Andrésí Ólafssyni fráfarandi fjármálastjóra fyrir mjög gott starf og lýsir yfir ánægju með að njóta starfskrafta hans áfram á bæjarskrifstofunni í öðrum verkefnum.*

**6. 1607050 - Löggæsla á Akranesi - Lögreglan á Akranesi**

Bæjarráð óskaði eftir upplýsingum um þróun og starfsemi lögreglunnar á Akranesi tímabilið 1. júlí 2013 - 1. júlí 2016 eftir fund ráðsins þann 28. júlí sl.

Fyrir liggur svarbréf Lögreglustjórans á Vesturlandi, dags. 18. ágúst síðastliðinn. *Afgreiðslu málsins frestað til næsta fundar.*

**7. 1606058 - Afreksípróttasvið samstarfssamningur 2016-2018**

Drög að samstarfssamningi FVA, ÍA og Akraneskaupstaðar um afreksípróttasvið við FVA 2016-2018 og drög að starfsáætlun fyrir skólaárið 2016-2017 voru lögð fram á fundi skóla- og frístundaráðs 15. ágúst síðastliðinn.

Skóla- og frístundaráð samþykkti samninginn efnislega og vísaði samningnum til afgreiðslu í bæjarráði.

*Bæjarráð samþykkir samstarfssamning FVA, ÍA og Akraneskaupstaðar 2016 til og með 2018.*

**8. 1606135 - Gervigrasvellir við grunnskóla Akraness**

Á fundi bæjarráðs Akraness þann 6. júlí sl. var samþykkt að beina erindi til KSÍ með beiðni um þátttöku kostnaðar við að skipta út gervigrasi á fótboltavöllum við grunnskóla Akraneskaupstaðar í samræmi við tilurð þeirra.

Fyrir liggur svar KSÍ, dags. 26. ágúst síðastliðinn.

*Lagt fram.*

**9. 1512119 - Búnaðar- og áhaldakaup 2016 (tækjakaupasjóður)**

Umsókn sviðsstjóra stjórnýslu- og fjármálasviðs um kaup á ljósritunarvél fyrir bæjarskrifstofuna og Tónlistarskólann á Akranesi.

*Bæjarráð samþykkir erindið.*

*Kostnaði vegna tækjakaupanna, samtals kr. 1.125.000, verður mætt af liðnum 20830-4660.*

**10. 1608130 - Nemendafélag FVA - tækifærisleyfi**

Erindi sýslumannsins á Vesturlandi þar sem óskað er umsagnar Akraneskaupstaðar vegna umsóknar Nemendafélags Fjölbrautarskóla Vesturlands á Akranesi um tækifærisleyfi vegna dagsleiks sem fór fram þann 25. ágúst síðastliðinn á Gamla Kaupfélaginu.

*Afgreiðsla bæjarstjóra samkvæmt 75. gr. samþykktar um stjórn og fundarsköp Akraneskaupstaðar lögð fram til kynningar.*

**11. 1601468 - Þjóðvegur í þéttbýli - Innnesvegur**

Svarbréf svæðisstjóra Vestursvæðis hjá Vegagerðinni, dags. 10. ágúst síðastliðinn, við erindi erindi bæjarráðs varðandi Innnesveg og Faxabraut.

*Lagt fram.*

*Bæjarráð felur bæjarstjóra að ítreka ósk Akraneskaupstað um viðræður vegna Innnesvegur.*

**Fleira ekki gert, fundi slitið kl. 18:55.**

*Vilhjalmur Guðbjartsson*  
*Vilhjalmur Guðbjartsson*  
*Engibjörg Fatma dóttir*  
*Ragna Arnardóttir*  
*Engibjörg Valdimarsdóttir*  
*Steinn Adalsteinsson*  
*Valdís Guðjónsdóttir*